

4. gr.

Sjóðnum skal varið til að koma á fót gamalmennahæli í Skagafirði, þegar hann er orðinn nógu stór til þess að dómi stjórnenda hans. Skal hælínu, ef við verður komið, vera fenginn staður í nánd við jarðhita, svo að hans verði not til upphitunar þess og annars, er með þarf á hælínu. Jafnframt skal og séð fyrir nægilegu landi til garðyrkju á hitasvæðinu við hælið. Er ætlast til þess, að gamalmenni þau, sem dvelja á hælínu og fær eru til þess, annist garðyrkjustörf.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera undir stjórn presta Skagafjarðarprófastsdæmis svo og hælið, þegar því hefir verið komið á fót, enda ráða þeir alla starfsmenn hælisisins. Er þess vænst, að þeir leitist við að afla sjóðnum tekna á þann hátt, sem hentast þykir á hverjum tíma. Reikningar sjóðsins skulu árlega endurskoðaðir af endurskoðendum sýslusjóðsreikninga Skagafjarðarsýslu og úrskurðaðir af sýslunefndinni.

6. gr.

Hætti þjóðkirkja Íslands að starfa, skal sjóðnum (hælínu) stjórnað af þeim félagsslegu samtökum í Skagafirði, sem vinna fremur öðrum að mannúðarmálum.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Sauðárkróki, 10. apríl 1937.

Jónas Kristjánsson.

Hansína Benediktsdóttir.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Suður-Þingeyjarsýslu.

107

1. sept.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Suður-Þingeyjarsýsla er eitt fjallskilafélag, sem skiptist í deildir eftir því sem landi hagar og fjöll og vatnsföll deila.

Sýslunefndin ákveður takmörk deilda eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfélaga.

2. gr.

Sýslunefndin í Suður-Þingeyjarsýslu hefir á hendi yfirstjórn allra málefna fjallskilafélagsins, samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum, en hreppsnefndir hafa að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd á fjallskilamálum deildanna.

3. gr.

Hver hreppsnefnd getur valið einn mann eða fleiri úr sínum flokki til að hafa á hendi stjórn og umsjón allra fjallskilamála hreppsins, og nefnast þeir fjallskilastjórar.

Þar sem svo hagar til, að ein fjallskiladeild tilheyrir tveimur eða fleiri hreppum, kjósa hlutaðeigandi hreppsnefndir sameiginlega fjallskilastjórn, er hafi störf þessi á hendi í umboði nefndanna.

II. KAFLI

Um notkun upprekstrarlanda.

4. gr.

Allt land skiftist í öræfi, afrétti og heimalönd. Það skulu vera afréttir, sem áður hafa verið.

Sýslunefnd getur og tekið upp nýja afrétti, ef nauðsyn ber til, eftir tillögum hreppsnefnda og með samþykki landeiganda.

5. gr.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá yfir afrétti þá með tölu og ummerkjum, er hún hefir umsjón með, og rita hana í gerðabók hreppsins eða sérstaka fjallskilabók. Þar skal og rita allar ákvarðanir, sem gerðar eru viðkomandi fjallskilum hreppsins, og getur sýslunefnd ávallt krafizt afrits úr bókum þessum.

6. gr.

Heimilt er að nota til upprekstra fyrir sauðfé afrétti alla, svo og heimalönd þau, er nægilegt landrymi hafa og landkosti, að dómi hlutaðeigandi hreppsnefndar. Skal hreppsnefnd meta eða láta meta til ítölu öll slík upprekstrarlönd, er sveitinni tilheyra, og hafa eftirlit með því að heimalöndum sé ekki að óþörfu ofboðið með sumarþeiti sauðfjár.

7. gr.

Allir fjáreigendur, sem að dómi hreppsnefndar skortir land til sumarþeiti fyrir fé sitt, skulu greiða upprekstrargjald til sveitarsjóðs, er síðan greiðir hagatoll til þeirra landeigenda, sem upprekstur leyfa, eða fyrir verulegum ágangi verða. Skal hreppsnefnd ákveða gjöld þessi innan sveitar.

Þar sem svo hagar til, að afréttir eru í eign eins eða fárra manna, ákveður hreppsnefnd gjöldin í samráði við þá, og getur falið þeim innheimtuna sjálfum.

Heimilt er þeim fjáreiganda, sem upprekstrarland skortir, að útvega sér það sjálfur, en tilkynna skal hann það hreppsnefndinni eigi síðar en 1. maí ár hvert. Fáir fjáreigandi þannig til uppreksturs land utan síns hrepps, ber honum eigi að síður að gera full fjallskil í heimasveit, því gangnaskyldan fyrir hann sem aðra skal leyst með samningi hlutaðeigandi hreppsnefnda (sbr. 24. gr.).

Engum er heimilt að sleppa, eða láta sleppa, fé í heimalönd án leyfis hlutaðeigandi hreppsnefndar. Getur hreppsnefnd krafizt hvern er það gerir, um a. m. k. tvöfalt upprekstrargjald.

8. gr.

Nú verður hreppur fyrir ágangi á afrétti eða í heimalöndum af fé úr öðrum hreppi, og á þá sá, er fyrir áganginum verður kröfurétt á hinn um uslagjald.

Skylt er að sveitarstjórnir hlutaðeigandi hreppa geri með sér samning til tiltekins tíma um bætur fyrir uslann — eftir ástæðum á hverjum stað. Greiðist slík uslagjöld úr sveitarsjóði.

Takist ekki samkomulag milli hlutaðeigenda um uslagjald, má skjóta málinu til úrskurðar sýslunefndar og verður að hlíta hennar úrskurði.

9. gr.

Sauðfé það, sem ekki má hafa í heimahögum eftir ákvörðun hreppsnefndar (sbr. 6. gr.), skal rekið í afrétt, eigi síðar en 10 vikur af sumri, nema ótíð og gróðurleysi banni.

10. gr.

Rétt er þeim, sem biður usla á engjum sínum af upprekstrarfé, að kæra það fyrir hreppsnefnd, og getur hann skotið máli sínu til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Nú eiga tveir eða fleiri menn upprekstrarland saman, og skiptast þá upprekstrargjöld milli þeirra, eftir tiltölu hvers eins í upprekstrarlandi, þó einn leyfi upprekstur frekar en annar.

12. gr.

Eigi má eigandi eða umráðamaður upprekstrarlands taka hross eða sauðfé í landið af mönnum, er heimili eiga utan hrepps þess, er upprekstrarlandið liggur í, nema með samþykki hlutaðeigandi hreppsnefndar.

Sé eigandi eða umráðamaður upprekstrarlands óánægður með ákvörðun hreppsnefndar, getur hann skotið máli sínu til sýslunefndar, er leggur fullnaðarúrskurð á það.

Sú hreppsnefnd, sem telur of margt fé rekið í aðliggjandi upprekstrarland, getur og skotið því máli til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar, náist ekki samkomulag við umráðamenn landsins.

III. KAFLI

Um fjárréttir.

13. gr.

Fjárréttir skiptast í aðalréttir og aukaréttir. Aðalréttir eru nú: Hrossadalsrétt á Vaðlaheiði, Gljúfrárrétt í Höfðahverfi, Tungurétt og Lokastaðarétt í Fnjóskadal, Fellsrétt í Kinn, Litlutungurétt og Víðikersrétt í Bárðardal, Baldursheimsrétt og Reykjahlíðarrétt í Mývatnssveit, Hallbjarnarstaðarétt í Reykjadal, Hraunsrétt í Aðaldal, Skógarétt í Reykjahverfi, Tröllarétt á Tjörnesi. — Hver aukarétt heyrir undir einhverja aðalrétt. Á aukaréttum skal rétta fyrir en á aðalrétt þeirri, er aukaréttin heyrir undir, enda gangi úrtíningsfé þaðan til aðalréttar og dragist þar upp.

Sýslunefnd semur skrá yfir allar fjárréttir í fjallskilafélaginu. Skal þar fram tekið hverja afrétti og heimalönd ganga skal að hverri rétt, og hverja daga þar skal rétta.

Eftirrit af skrá þessari skal senda í hvern hrepp.

14. gr.

Skyldir eru allir fjáreigendur, er sókn eiga að fjárrétt, að halda henni við og byggja að nýju, ef þörf er á. Skulu þeir leggja þar til vinnu eða verð eftir niðurfjöfnun hreppsnefndar. Hver fjáreigandi er skyldur að sjá sér sjálfur fyrir dilkrúmi við þá rétt, er hann á sókn að, handa öllu því fé, er hann væntanlega heimtir þar. Sama gildir um þær fjallskiladeildir, er von eiga fjár á réttinni.

Nú á maður sókn að tveimur réttum, og er hann skyldur að eiga dilkrúm í báðum. — Hver, sem eigi innir þann kostnað, er á hann skiftist, eða vanrækir að hafa nægilegt dilkrúm fyrir fé sitt, verður sekur sem um gangnarof.

Lokið skal aðgerð rétta og dilka degi fyrir fyrsta réttardag ár hvert.

15. gr.

Nú þykir þörf að fjölga fjárréttum, eða færa gamla rétt á annan hentugri stað, og skal þá hreppsnefnd sú eða hreppsnefndir, er hlut eiga að máli, bera málið undir atkvæði búenda í fjallskiladeildinni á almennum fundi.

107 Sé um aukarétt að ræða, ræður meirihluti atkvæða málinu til fullnaðarlykta,
1. sept. en um aðalrétt þarf samþykki sýslunefndar til þess, að ákvörðunin sé gild.

16. gr.

Valdi réttarbygging grasnámi eða jarðusla, skal bæta það landeiganda, ef krafizt er, eftir mati tveggja óvilhallra manna, er dómkvaddir séu af sýslumanni.

Endurgjald til jarðeiganda, sem og kostnaður af matsgerðinni, telst með bygg-
ingarkostnaði réttarinnar.

IV. KAFLI

Um smölun til rúnings og fráferna.

17. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir að smala lönd sín á vorin, eftir því, sem hreppsnefnd ákveður.

Nú er jörð í eyði og enginn umsjónarmaður eða ákveðinn notandi. Verður þá hreppsnefnd að annast framkvæmd smölunar þar.

18. gr.

Hreppsnefnd hefir vald til að ákveða hvenær smala skuli á vorin til rúnings og frárekstrar. Ef þörf gerist, má hún skipa menn til vorgungna í afréttum. — Innansveitarfé, sem kemur fyrir við vorsmölun, skal reka bæja á milli, eftir sömu reglum og haustrekstra. Utansveitarfé, sem kemur fyrir við rúning, eða eftir rúning, er finndi skyldur að rýja, ef unnt er, og einnig marka unglömb; skal hann gera eigendum aðvart um ullina og gera grein fyrir mörkun á lömbum. Fyrir ómak sitt ber honum borgun: Fyrir að rýja kind 50 aurar og fyrir að marka lamb 50 aurar, nema öðruvísi sé um samið.

V. KAFLI

Um hreinsun heimalanda.

19. gr.

Hver búandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á hverju hausti í sambandi við almenn fjallskil og eftir nánari fyrirmælum hreppsnefndar.

Skal hreppsnefnd meta smölun þeirra heimalanda til fyrstu réttar, er notuð eru sem upprekstrarlönd til sumargöngu fjár, og reikna sem framlag til fjallskila vinnu þá, sem lögð er til smölunarinnar. Rekstur til réttar reiknast með fjallskilum.

Hreppsnefnd getur skipað fyrir um almenna hreinsun heimalanda á haustin, hvenær sem henni þykir nauðsynlegt.

20. gr.

Nú liggja heimalönd tveggja eða fleiri hreppa saman, og skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir koma sér saman um, hvernig hreinsuninni skal hagað á því svæði.

21. gr.

Hver búandi er skyldur að hirða fé það, er finnst í heimalöndum, eftir að hinni almennu hreinsun er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, er það á að ganga. Nú kemur fjárrekstur til manns frá næsta bæ, og er hann skyldur að reka hann tafarlaust áfram rétta leið, nema kvöld sé komið eða óveður, svo að eigi sé fært. Skal þá beita fénu eða gefa hey ella, unz fært er að reka. Hver sá, sem sleppir fjárrekstri, sætir sektum.

VI. KAFLI
Um göngur og réttun.

107

1. sept.

22. gr.

Hver, sem á sauðkindur, geitfé eða hross á afrétti, er skyldur að gera fjallskil á þann hátt, sem hreppsnefnd ákveður, og skyldur er hver húsráðandi að inna fjallskil af hendi fyrir heimamenn.

Enginn fjáreigandi er undanþeginn almennum fjallskilum, þótt hann hafi sleppt fé sinu í heimaland. Þó getur hreppsnefnd undanskilið að nokkru eða öllu leyti fé það, sem geymt er í eyjum eða sauðheldum girðingum.

Taki eigandi upprekstrarlands utansveitarfénað í land sitt, án leyfis hreppsnefndar, getur hún átt aðgang að honum um fjallskil fyrir þann fénað.

23. gr.

Skipta skal hreppsnefnd upprekstrarlöndum þeim, sem hún hefir yfir að ráða, í leitir og kveða á um, hve marga menn þarf í leit hverja, svo og til að reka heimalandafé til réttar og sækja fé á réttir í öðrum sveitum.

Skrá um þetta skal rita í gerðabók hreppsnefndar eða fjallskilabók.

24. gr.

Þegar hreppar fá í haustgöngum ójafna fjártölu — svo að máli skiptir — hvor úr annars upprekstrarlöndum, þá er þeim hreppi, sem fleira fær féð, skylt að leggja hinum til liðsauka til gangna, nema sannað sé að gangnakostnaður á kind hverja sé þeim mun minni hjá þeim, er kröfuna gerir, að réttlátt sé, að hún falli niður.

Enginn hreppur verður krafinn um meiri liðsauka í göngur, en nemur þeirri mannatölu, sem hann þarf að senda til fjársóknar á réttir viðkomandi hrepps, ef ekki er sannað að fjallskilakostnaður á kind hverja sé verulegum mun minni hjá hreppi þeim, er féð á, en hinum.

Undir engum kringumstæðum er skylt að leggja fram meiri liðsauka en eitt dagsverk fyrir hverjar 50 kindur, sem ganga ber fyrir.

Skulu hreppar gera með sér glögga samninga um þessi viðskipti og séu þeir ekki uppsegjanlegir, nema með tilteknum fyrirvara.

Ágreiningi hreppa um þessi atriði má skjóta til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar.

25. gr.

Nú vanrækir einhver að gera þau fjallskil, sem á hann hafa skipzt, og er honum það sjálfrátt, eða leggur ógildan mann til fjallskila, þá er það gangnarof og varðar það 10—30 króna fébótum, en renna í fjallskilasjóð hreppsins.

Sé brotið itrekað, tvöfaldast sektirnar í hvert skipti, þó mega þær aldrei vera hærri en 200 krónur. Auk þess greiðir sá, er brýtur, slíkar skaðabætur, er samsvari fjallskilum þeim, er hann hefir vanrækt. Rétt er og að leitarföngi eða hreppsnefnd fái mann til að gera fjallskil í stað þess, sem gangnarof gerði, á hans kostnað, og falla þá skaðabætur niður. Sama gildir og um þann, er lögmæt forföll hefir.

26. gr.

Hæfan gangnamann skal álita þann, er leitarföngi og minnst helmingur leitarmanna tekur gildan, þó aldrei yngri en 14 ára. Nú verður einhver leitarmaður sannur að óhlýðni, hirðuleysi eða handvömm, sem honum sjálfum er um að kenna, þá skal svo álita, sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinn, og varðar það sektum og skaðabótum sem fyrir gangnarof. Nú er leitarmaður ekki talinn fullgildur, en þó eigi heim sendur, og reiknast honum þá kaup eftir mati leitarföngja og hreppsnefndar.

107

1. sept.

27. gr.

Prenn skulu fjallskil haust hvert. Auk þess skal hreppsnefnd heimilt, með samþykki sveitarmanna, að skipa fyrir um fleiri fjallskil, ef þörf þykir.

Nú kemur óveður, er gangnamenn eru af stað komnir og göngur byrjaðar, svo að þær verða að litlu gagni eða engu, og er þá komið undir álit hlutaðeigandi hreppsnefndar, hvort telja skuli að nokkrar göngur hafi verið gerðar í það sinn.

28. gr.

Haustgöngur skulu byrja svo snemma ár hvert, að fyrstu réttardagar á aðalréttunum verði þessir: Gljúfrá-, Fells-, Litlutungu-, Skóga- og Tröllaréttum 16. september. Lokastaða-, Víðikers- og Reykjahlíðarréttum 17. september. Hrossadals-, Tungu-, Baldursheims-, Hallbjarnarstaða- og Hraunsréttum 18. september. Sjö dagar skulu líða á milli gangna.

29. gr.

Hreppsnefnd skal birta með umburðarbréfi, er berist sem þingboð um hreppinn, nokkru á undan fjallskilum, hvað hver fjáreigandi skal leggja til fjallskilanna. Sé þar tekið fram, hvernig göngum skuli hagað í hvert skipti, tilnefndir leitarforingjar og þeir menn, sem sendir eru á aðrar fjárréttir. — Hreppsnefnd skipar réttarstjóra, er hefir umsjón með réttun fjárins og sundurdrætti. Getur hann kvatt sér til aðstoðar svo marga menn, sem þarf til þess, að sundurdráttur fjárins gangi greiðlega.

Óhlýðni og þrjóska gegn skipun réttarstjóra varðar sektum.

30. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að hafa svo marga menn á þeirri fjárrétt, sem hann á sókn að, sem með þarf, til þess að fé hans verði dregið svo greiðlega, sem réttarstjóri mælir fyrir. Skal að minnsta kosti einn maður vera kominn til réttar frá hverjum fjáreiganda þá réttað er og sundurdráttur byrjar, enda má enginn reka fé frá réttinni fyrri en honum er lokið, nema réttarstjóri leyfi.

31. gr.

Leitarforingjar skipa fyrir um hvernig gögnum skal haga í hverri leit. Þeir sjá um, svo sem unnt er, að hver gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi, og að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar í tækan tíma. Svo hafa þeir og umsjón með geymslu fjárins, þar til réttarstjóri tekur við því. Eru gangnamenn skyldir að hlýða leitarforingja, og varðar sektum sem fyrir gangnarof ef út af er brugðið.

32. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að jafna niður á fjáreigendur í hreppnum sérstöku gjaldi til fjallskilasjóðs. Má þetta gjald nema allt að 3 aurum á kind.

Heimilt er og að í fjallskilasjóð renni eftirstöðvar af skylduvinnu til fjallskila, sem ekki hafa unnist. Sjóð þennan geymir hreppsnefnd, ábyrgist hann og ávaxtar.

Nú nota utansýslufjáreigendur upprekstrarland í einhverri fjallskiladeild sýslunnar, og er þá hlutaðeigandi hreppsnefnd heimilt að leggja allt að þriggja aura gjald til fjallskilasjóðs á hverja kind, er þeir eiga í upprekstrarlandinu.

33. gr.

Tekjum fjallskilasjóðs má verja til að standa straum af fjallskilakostnaði, sem eigi verður auðveldlega inntur af höndum með skylduvinnu, svo sem til að borga aukaleitir, öræfaleitir, eftirleitargjald fyrir fjáreigendur í deildinni og utansýslufjáreigendur, þegar svo stendur á, sem segir í 32. gr., réttarbyggingar o. fl.

Hreppsnefnd gerir fyrir 15. janúar ár hvert reikning fjallskilasjóðs, sbr. 25. gr. sveitarstjórnarlaganna 31. maí 1927.

34. gr.

Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, hefir hann rétt til að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Enginn getur með því að kæra skotið sér undan að inna þau fjallskil af hendi er honum voru gerð.

107

1. sept.

VII. KAFLI

Um eftirleitir.

35. gr.

Þá er fjallskilum er að fullu lokið, má hreppsnefnd leyfa eftirleit á afrétti, annaðhvort fyrir umsamda borgun, eða á kostnað leitarmanna sjálfra.

36. gr.

Nú finnur maður fé á afrétti og ber honum þá borgun eftir því er sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefir ákveðið eftirleitargjöldin, samkvæmt verðlagi sauðfjár á hverjum tíma.

Gjöld fyrir eftirleiturfé greiðast af eiganda fjárins, nema þar sem samþykkt hefir verið á almennum sveitarfundi að greiða þau úr fjallskilasjóði.

Fyrir óheimt fé, sem finnst í heimalöndum eða við smölun fjár, þó í afrétti sé, eftir að fjallskilum er lokið, er ekki skylt að greiða fundarlaun.

37. gr.

Fjárleitir á öræfum, sem ekki geta talizt til nokkurra afrétta, skulu gerðar eftir sömu reglum sem eftirleitir, en heimilt er að þær fari fram samtímis fjallskilum.

VIII. KAFLI

Um fjármörk.

38. gr.

Hver maður skal einkenna fé sitt með glöggu marki á eyrum, en ef soramarkað er, þá með brennimarki á hornum eða klaufum. Yngri menn en 14 ára mega ekki taka upp fjármörk né nota. Enginn má eiga né nota nema eitt fjármark.

Um markaréttindi fer sem í lögum er ákveðið. Hver fjáreigandi er skyldur að auðkenna fé sitt á vinstra horni með þessum sveitabrennimörkum:

Tjörnesshreppur	Þ 2
Húsavíkurhreppur	Þ 3
Reykjahreppur	Þ 4
Aðaldælahreppur	Þ 5
Reykðalahreppur	Þ 6
Skútustaðahreppur	Þ 7
Bárðdælahreppur	Þ 8
Ljósavatnshreppur	Þ 9
Hálshreppur	Þ 10
Flateyjarhreppur	Þ 11
Grýtubakkahreppur	Þ 12
Svalbarðsstrandahreppur	Þ 13

107

1. sept.

39. gr.

Öll fjármörk sýslunnar skal rita í eina skrá, er sýslunefnd semur, og skal prenta hana svo oft, er sýslunefnd álitur þurfa, og útbýta meðal búenda í fjallskilafélaginu.

Hver búandi er skyldur að geyma markaskrána meðal þeirra heimilisskjala, er fylgja býli hans, og skila næsta ábúanda, þá er hann flytur af jörðinni.

Vilji menn taka upp eða nota mörk, sem eigi standa í markaskránni, skulu þeir fá til þess leyfi markadóms Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslu og auk þess birta það í Lögbirtingablaðinu og senda lýsingu þess til hreppsnefnda í næstu sveitum.

IX. KAFLI

Um óskilafé.

40. gr.

Réttarstjóri annast um, að öll ómörkuð lömb, sem koma fyrir í réttum, séu dregin í sérstakan dilk, þar sem eigi er annað fé, og mönnum gefinn kostur á að láta lambsmæður helga sér lömbin. Þeir ómerkingar, sem ekki spyrjast upp, teljast sem óskilafé. Óskilafé, sem ekki finnast eigendur að, skal hreppsnefnd hirða og senda lýsingu af í næstu sveitir. Það fé, sem óútgengið er á hausthreppamóti, seljist við uppboð af hlutaðeigandi hreppstjóra.

Fé því, sem þannig er selt, skal hreppstjóri lýsa í Lögbirtingablaðinu.

Hafi enginn sannað eignarrétt sinn á fénu innan sex mánaða, frá birtingu auglýsingarinnar, fellur verð þess í sveitarsjóð að frádregnum kostnaði.

Ef sérstök ástæða þykir til, getur hreppstjóri hannað að farga slíku uppboðsfé fyrir en liðinn er sá tími, sem eigendum er ætlaður til að sanna eignarrétt sinn.

X. KAFLI

Um fjárrekstra.

41. gr.

Þegar sauðfé er rekið um hérað, skal þess gætt, að rekstri hverjum fylgi nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo að sem minnstur bagi verði að fyrir þá, er lönd þau eiga, sem um er rekið eða í er áð. Eigi má leggja upp með slíka rekstra að morgni fyrir en markljóst er orðið, og eigi halda áfram að kveldi eftir að fer að skyggja, nema brún nauðsyn beri til.

Allt fé í sláturfjárrekstrum skal vera merkt ákveðnum rekstrarmerkjum, er séu svo glögg, að þau sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að þau máist ekki af, þó að votviðri gangi. Rekstrarmönnum ber að gæta þess vandlega, að annað fé lendi eigi saman við reksturinn, en verði það, skulu þeir, þegar þeir verða þess varir, draga það úr rekstrinum og annast um, að það komist í áttþaga sína, eigendum kostnaðarlaust.

Skaða, sem hlýst af því, að út af þessu er brugðið, ber eiganda eða umsjónarmanni rekstursins að greiða eiganda fjárins, en sannist það, að skaðinn stafi af skeytningarleysi rekstrarmanns, skal hann auk þess sæta sektum.

Skylt er sláturhúsum að láta fara fram markskoðun á öllu fé, sem þar er leitt til slátrunar.

XI. KAFLI
Almenn ákvæði.

107

1. sept.

42. gr.

Sýslunefndin sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Ennfremur geta einstakir menn komið sér saman um, að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

43. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—200 kr. eftir málavöxtum, er renni í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið, eða í sýslusjóð.

44. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

45. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi Fjallskilareglugerð fyrir Þingeyjarsýslu vestan Jökulsár frá 15. ágúst 1929.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. september 1937.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.

SAMÞYKKT

108

um vörzlu alifugla á Hólmavík.

4. sept.

1. gr.

Hver húsráðandi á Hólmavík, sem á alifugla, svo sem hænsni, gæsir og endur, skal skyldur til að geyma þá í þar til gerðum girðingum eða húsi svo öruggt sé að þeir gangi ekki lausir á tímabilinu frá 1. maí til 30. september ár hvert. Þó má hleypa þeim í fjöru þann tíma, þar sem þannig hagar til, að þeir geta engan átroðning eða óskunda gert öðrum.

2. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 5—100 krónum, sem renna í sveitarsjóð

3. gr.

Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið eins og almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er af hreppsnefnd Hrófbergshrepps og samþykkt af sýslunefnd Strandasýslu, er hér með staðfest samkvæmt lögum nr. 32 4. júní 1924, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Dóm- og kirkjumálaráðuneytið, 4. september 1937.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.